

Minnisblað

03.01.2023

Efni: Næturleiðir kostnaður


Hjálagt er útreikningur á áætluðum kostnaði við að taka upp næturakstur að nýju. Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir að hún vilji taka upp næturakstur innan Reykjavíkur og þá án aksturs leiðar 107 sem ók um vesturhluta Reykjavíkur. Sú leið var mjög lítið notuð bæði þegar næturakstur var settur á á sínum tíma og aftur í tilraunaverkefninu sumarið 2022.

Áætlaður heildarkostnaður á ári við að hefja næturakstur á höfuðborgarsvæðinu er um 70 m.kr. ári. Reykjavík vill greiða fyrir næturstrætó í Reykjavík og er kostnaðaráætlun vegna þess hluta um 51,4 m.kr. Ef önnur sveitarfélög taka ákvörðun um að hefja næturakstur væri þeirra hlutur mismunur á 70 m.kr. og hluta Reykjavíkur 51.4 m.kr. eða 18,6 m.kr., og væri hægt að skipta því t.d. eftir íbúafjölda þeirra 5 sveitarfélaga sem eru utan Reykjavíkur, sjá töflu. Það er þó spurning hvort Seltjarnarnes verði undanþegið greiðsluskyldu þar sem engin næturþjónusta verður þar skv. þessari kostnaðargreiningu.

Mannfjöldi eftir sveitarfélögum

	Íbúar	Hlutfall	Kostnaður
Kópavogur	38.998	37,2%	6.911.508
Seltjarnarnes	4.720	4,5%	836.513
Garðabær	18.445	17,6%	3.268.957
Hafnarfjörður	29.763	28,4%	5.274.815
Mosfellsbær	13.024	12,4%	2.308.208
	<hr/>		
	104.950	100,0%	18.600.000


Tekjur af þessari þjónustu hafa verið óverulegar þar sem þeir viðskiptavinir sem eru með mánaðar- eða árskort hafa getað notað það sem greiðslumiðil í næturstrætó. Ef næturstrætó verður tekinn upp er lagt til að lítið verði á þetta sem sérþjónustu og að allir verði að greiða fyrir notkun á þeirri þjónustu. Almennu hefur verið miðað við að gjald í næturstrætó sé tvöfalt almennt staðgreiðsluverð eða í dag um 1100 kr. en mögulega mætti miða við 1000 kr. fargjald til einföldunar. Miðað við tilraunaverkefnið frá því á síðasta ári hefðu tekjur orðið rúmar 5 m.kr. ef allir hefðu greitt tvöfalt fargjald.



Mynd 1 - Næturstrætó eins og hann ók í tilraunaverkefninu.

Tafla 1 – Næturleiðir eins og þeim er ekið í dag sbr. Mynd 1 (og án leiðar 107):

Leiðir	Fjöldi íbúa í 400 m radíus	Árlegur kostnaður	Árlegur kostnaður án 107
101	42.562	9.581.000	
102	39.060	7.761.000	
103	45.321	8.879.000	
104	25.434	7.886.667	
105	29.499	7.280.000	
106	39.368	7.969.000	
107	25.445	6.149.000	
Flotastjórn		10.400.000	
Öryggisgæsla		9.620.000	
Samtals kostnaður á ári		75.525.667	69.376.667



Mynd 2 - Næturlíðir sem myndu einungis aka innan Reykjavíkur

Tafla 2 – Næturlíðir innan RVK sbr. Mynd 2:

Leiðir	Árlegur kostnaður
103	8.879.000
104	7.886.667
105	7.280.000
106*	7.319.000
Flotafulltrúi	10.400.000
Öryggisgæsla	9.620.000
Samtals fyrir tímabilið	51.384.667

*gróflega áætlaður kostnaður á leið 106 ef stýtt þannig að hún aki einungis innan RVK (sjá Mynd 2).

Niðurstaða úr tilraunaverkefni með næturakstur júlí til september 2022. Tekið úr minnisblaði frá 30. september 2022.

Farþegatölur

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir farþegatölur frá 2018, 2019 og 2022. Farþegatölurnar eru áætlaðar út frá þeim talningum sem liggja fyrir og reiknaðar fyrir heilan mánuð. Einnig ber að nefna að fjöldi helga er mismunandi á milli mánaða.

Tafla 1 Farþegatölur frá júlí – sept. árin 2018, 2019 og 2022. Tölur eru áætlaðar út frá þeim talningum sem liggja fyrir.

	101	102	103	105	106	107	samtals
Júlí 2018	672	209	449	375	387	124	2216
Júlí 2019	162	103	162	111	106		644
Júlí 2022	426	240	288	164	292	89	1499
Ágúst 2018	576	254	532	565	419	407	2753
Ágúst 2019	387	297	550	287	313		1834
Ágúst 2022*	439	179	469	183	338	98	1706
September 2018	757	184	546	639	330	156	2612
September 2019	375	198	455	213	368		1609
September 2022	623	344	319	238	295	87	1903

*Athugið að farþegatölur fyrir Menningarnótt 2022 liggja ekki fyrir. Því er líklegt að farþegatölur fyrir ágúst 2022 séu hærri.

Athygli vekur að í flestum tilvikum eru hæstu farþegatölurnar fyrir árið 2018. Leið 107 var hætt akstri 2019 og því eru engar farþegatölur fyrir 2019 á þeirri leið.

Tafla 3 sýnir yfirlit yfir helstu meðaltals farþegatölur eftir leið. Athugið að farþegatölur yfir Menningarnótt eru ekki í farþegatölunum sem birtast í töflu 2 og því er einungis um hefðbundnar helgar að ræða. Um er að ræða handtalningar fyrir 16 - 22 kvöld, mismunandi eftir leiðum.

Tafla 2 Farþegatölur fyrir næturleiðir Strætó, meðaltöl. Tölur fengnar út frá handtölu vagnstjóra flestar helgar frá júlí 2022.

Farþegatölur	101	102	103	104	105	106	107	meðaltal
Farþegar á kvöldi að meðaltali	54,2	28,2	37,1	13,4	21,1	34,1	10,4	28,3
Farþegar á föstudagskvöldum að meðaltali	41,7	22,9	24,3	10,6	18,3	27,8	7,875	21,9
Farþegar meðaltal á laugardagskvöldum	68,0	34,1	51,3	16,6	24,1	44,7	13,25	36,0
Farþegar á klst.	14,7	9,3	10,9	4,6	7,5	11,1	4,5	9,2 farþegar/klst.
Farþegar í júlí og ágúst	772	371	699	216	314	538	169	439,9 á leið

Sjá má að leið 101 sem ekur til Hafnarfjarðar er með flesta farþega í öllum flokkum. Leið 107 sem ekur að Seltjarnarnesi er með fæsta farþega og er minnst nýtt. Næst fæstir farþegar eru á leið 104 sem ekur í Úlfarsárdal. Þegar teknir eru farþegar á klukkustund þá munar ekki miklu á leið 107 og 104 þar sem leið 104 eru með 4,6 farþega/klst. og leið 107 er með um 4,5 farþega/klst. Gott er að hafa í huga að leið 104 er ný leið og hugsanlegt er að notkunin sé minni en á öðrum leiðum vegna þess mögulega þarf að upplýsa íbúa frekar um þjónustuna sem í boði er. Leið 107 var ekin á sínum tíma þegar næturleiðirnar byrjuðu upphaflega, en var seinna lögð niður vegna fárra farþega. Flestir farþegar á klst. eru á leið 101, með um 14,6 farþega/klst. og á leið 106 með um 11,1 farþega á klst. Athygli vekur að það eru töluvert fleiri farþegar á laugardagskvöldum en á föstudagskvöldum. Að meðaltali eru um 21,9 farþegar á leið á föstudagskvöldum, en um 36 farþegar á laugardagskvöldum.

Farþegatalningar voru fengnar út frá handtölu vagnstjóra og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju. Okkar reynsla er sú að líklegra er að farþegafjöldinn sé aðeins hærri en tölurnar sem við fáum úr handtölu vagnstjóra. Við gerum því ráð fyrir að handtölu gefi okkur lágmarksfjöldann en hann gæti verið eitthvað hærri í raun.

Kostnaður og tekjur á farþega

Forsendur

Teknar voru saman upplýsingar um kreditkortaborganir á leiðum 101-106¹ árið 2022 ásamt því að teknar voru saman borganir með Klappinu. Gert var ráð fyrir að farþegar sem borga með öðrum hætti (þá aðallega með gamla appinu), að 20% þeirra borgi stakt fargjald. Athugið að margir borga með tímabilskortum, en engar tekjur voru reiknaðar á tímabilskort. Einhverjir farþegar gætu hafa keypt tímabilskort sérstaklega til að geta nýtt næturleiðir. Öryggisgæslukostnaður er um 125.000 kr. á kvöldi, sem gerir um 17.860 kr. á leið á hverju kvöldi. Jafnframt var gert ráð fyrir 20.000 kr. gjaldi á klukkustund í akstri og um 100.000 kr. kostnaði á kvöldi í að manna flotafulltrúa, sem gerir tæplega 14.300 kr. á leið.

Tegund borgunar

Tafla 4 sýnir yfirlit yfir greiðslumáta farþega. Að meðaltali voru um 23,8% farþega sem greiddu stakt fargjald með kreditkorti og var hæsta hlutfall þeirra sem greiða með kreditkorti á leið 105 og 106, um 28% farþega. Ef greitt er með kreditkorti þarf að greiða 1000 kr. fyrir stakt fargjald. Um 19,6% borguðu stakt fargjald með Klappi, stakt gjald í Klappinu er 490 kr. Hæsta hlutfallið var á leið 104, um 24,3% farþega,. Um 14,4% farþega borguðu með Klapp tímabilskortum eða öðrum Klapp vörum. Hæsta hlutfallið var á leið 103 þar sem 21,2% farþega borguðu með slíkum hætti. Að meðaltali voru um 42% farþega sem borguðu með öðrum hætti, þá í flestum tilvikum með gamla appinu.

Alls hafa komið inn 1.425.000 kr. í gegnum kreditkortafærslur síðan akstur hófst í júlí. Mest í ágúst og má telja líklegt að Menningarnótt hafi haft þar áhrif. Um 355.000 kr. hafa borist í gegnum stakt gjald frá Klappinu. Erfitt er að sjá beina upphæð úr gamla appinu og erum við því ekki með gögn verðandi það. Gert er ráð fyrir að um 20% af öðrum greiðslumátum séu stakt fargjald sem gera um 52.000 kr. Alls gerum við því ráð fyrir að beinar tekjur séu um 1.832.000 kr.² fyrir næturakstur síðan í upphafi júlí 2022. Athugið að tekjur vegna tímabilskorta, sem mögulega hafa verið keypt vegna þjónustu næturleiða hafa ekki verið teknar með í útreikninginn, enda ómögulegt að áætla það. Einnig eru kreditkortatekjur vegna leiðar 107 ekki meðtaldar.

¹ Það vantar upplýsingar um kreditkortafærslur fyrir leið 107.

² Tölur frá 19.9.2022

Tafla 3 Tegund borgunar, júlí – sept. 2022.

	101	102	103	104	105	106	107	meðaltal
Hlutfall farþega sem borga með kreditkorti	22,2%	26,2%	25,7%	23,7%	28,0%	28,0%	ekki vitað*	23,8%
Hlutfall farþega sem borga með Klapp stakt gjald	21,4%	21,3%	19,8%	24,3%	22,7%	22,8%	10,6%	19,6%
Hlutfall farþega sem borga með Klapp tímabilskort og annað	17,0%	11,2%	21,2%	15,6%	16,4%	13,0%	12,7%	14,4%
Hlutfall þeirra sem borga með öðrum hætti (t.d. gamla appið)	39,4%	41,3%	33,2%	36,4%	33,0%	36,2%	ekki vitað*	42,2%

*Það vantar upplýsingar um kreditkortafærslur á leið 107.

Kostnaður á farþega

Tafla 5 sýnir kostnað á farþega eftir leiðum, með og án öryggiskostnaðar. Mesti kostnaður á farþega án þess að taka inn tekjur er á leiðum 107 og 104. Minnst kostnaður á farþega er á leiðum 101 og 103. Að meðaltali er kostnaður á farþega án þess að taka inn tekjur um 3.322 kr. á farþega að meðaltali. Ef tekjur eru teknar með er kostnaður á farþega um 2.573 kr. að meðaltali.

Vert er að nefna að kostnaður vegna öryggisgæslu er töluvert hár. Víða erlendis þekktist að hafa akstur um nætur án þess að skipa til sérstakrar öryggisgæslu. Þá má nefna að leigubílar í miðbænum eru ekki með sérstaka gæslu í leigubílaröðinni um helgar og má segja að næturakstur sé líkur þeirri þjónustu. Vert er að velta því fyrir sér hvort að það þurfi öryggisgæslu fyrir næturakstur, og ef það þarf hvort það sé á ábyrgð Strætó.

Tafla 4 Kostnaður á farþega, athugið að allar tölur eru í krónum talið, júlí – sept. 2022.

	101	102	103	104	105	106	107	meðaltal
Kostnaður á farþega með öryggis og flotafltrúagjöldum (án þess að taka inn tekjur)	1.955	3.256	2.586	7.150	4.188	2.734	7.542	3.322
Kostnaður á farþega með öryggisgæslu og flotafltrúagjöldum (tekjur teknar með)	1.582	2.831	2.197	6.340	3.898	1.844	ekki vitað*	2.573

Kostnaður á farþega án öryggisgæslu (<i>tekjur teknar með</i>)	1.252	2.198	1.716	5.009	3.049	1.321	ekki vitað*	
Öryggisgæslukostnaður á farþega	330	633	481	1.331	848	523	1.723	
Flotafulltrúar kostnaður á farþega	264	507	385	1.065	679	419	1.380	

**Það vantar upplýsingar um kreditkortagreiðslur á leið 107*